



### 374. Fundargerð

Fundur haldinn í færeyska herberginu í Alþingishúsinu þann 29. nóvember 2010. Mættir voru Álfheiður Ingadóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Sigurður I. Jóhannsson, Þráinn Bertelsson, Valgerður Bjarnadóttir, Ragnheiður E. Árnadóttir, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Ólafur Örn Haraldsson og Hrefna Jónsdóttir sem ritaði fundargerð. Margrét Hallgrímsdóttir, Ragnheiður H. Þórarinsdóttir, Einar Á. E. Sæmundsen og Lilja Jónasdóttir sátu fundinn.

Þetta gerðist:

#### 1. Staða Þingvalla sem heimsminjastaðar.

Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður og formaður heimsminjanefndar og Ragnheiður H. Þórarinsdóttir sérfræðingur hjá mennta- og menningarráðuneyti og fulltrúi í heimsminjanefnd fóru yfir stöðu Þingvalla sem heimsminjastaðar.

Í desember 2001 var ákveðið af ríkisstjórn Íslands að stefna að tilnefningu merkustu staða Íslands á heimsminjaskrá Unesco. Umsóknin um Þingvelli var lögð fram í febrúar 2003 og var hún samþykkt á fundi heimsminjaráðs í Suzhou í Kína í 2. júlí 2004. Vinnuferlið tók um tvö ár og var lögð mikil áhersla á að „gamli“ þjóðgarðurinn færi inn til að byrja með, en vinna að því að svæðið yrði stækkað í framtíðinni með áherslu á náttúru Þingvalla. Nú vinnur heimsminjanefnd að nýrri yfirlitsskrá og er áætlað að hún verði tilbúin eftir næstu áramót.

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum er fyrsti staðurinn á Íslandi sem skráður er á heimsminjaskrá Unesco. Þjóðgarðurinn er skráður á heimsminjaskránni sem menningarlandslag á grundvelli tveggja skilyrða:

- Skilyrði iii) hinn forni þingstaður og umhverfi hans, þjóðgarðurinn á Þingvöllum, sýnir og endurspeglar á einstakan hátt norræna og germanska miðaldamenningu sem stóðst tímans tönn allt frá upphafi árið 980 og fram á 18. öld. Minjar um þingstaðinn, búiðir fyrir þá sem sóttu þing og ummerki um búsetu allt frá stofnun þings bera vott þar um.
- Skilyrði vi) hin sterku tengsl hins forna Alþingis við germanska/norræna stjórnskipunarhætti á miðöldum, sem Íslendingasögur frá 12. öld bera vitni um og sem öðluðust gildi í sjálfstæðisbaráttunni á 19. öld, sem og hinn áhrifamikli staður sem þinginu var valinn, hafa orðið til þess að þetta er friðlýstur helgistaður þjóðarinnar.

Þingvellir hafa einstakt menningarlegt gildi fyrir Íslendinga sem helgur staður bundinn fornum hefðum. Hin táknræna merking hans tengist hinu náttúrulega og upprunalega umhverfi og hve ósnortin þjóðgarðurinn er af nútímalífsháttum. Til að viðhalda þessum eiginleikum á stóru og opnu svæði er nauðsynlegt að huga að öllum atriðum er viðkoma þjóðgarðinum.

Heimsminjaskráin fylgir því vel eftir að staðir sem skráðir eru sem heimsminjastaðir standi undir skráningunni. Með tilnefningu Þingvalla fylgdi listi yfir fimm atriði sem Icomos taldi mikilvægt að koma reglu eða skipulagi á, þ.e.; endurgerð vegar nr. 365, sumarbústaðir, skógrækt, fornleifar, bílastæði/brúin yfir Öxará.

Farið var yfir stöðu þessara mála nú:

*Vegur nr. 365, Gjábakkavegur.* Búið er að lagfæra veginn milli Þingvalla og Laugarvatns og opna fyrir umferð. Sem mótvægisáðgerð heimilaði Þingvallanefnd Vegagerðinni eftirfarandi framkvæmdir til að draga úr umferðarhraða og mengun á svæðinu: Sett var upp vegþrenging við Þjónustumiðstöð ásamt breytingu á gatnamótum syðst í Þjóðgarðinum á móts við norðanvert Arnarfell þar sem vegurinn frá Gjábakka (nr. 36) kemur vestur á veginn (nr. 361) neðan úr Grímsnesi upp með Þingvallavatni að austan.

*Sumarbústaðir.* Í athugasemdunum var bent á að sumarhús í Þjóðgarðinum spilltu ásýnd staðarins ásamt því að geta haft slæm umhverfisáhrif. Lög nr. 85/2005 um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess voru sett í því skyni að vernda vatnsgæði og vatnið í heild. Þá hefur Heilbrigðiseftirlit Suðurlands sett strangari kröfur með reglugerð nr. 450/2009 um fráveitur og skólp. Einnig er ákvæði í reglugerð 450/2009 að allir sumarhúsaeygendur verða að hafa sett upp 3ja þrepa hreinsikerfi fyrir árið 2020. Með nýjum lóðarleigusamningum sem taka gildi 1. jan. 2011 er ekki gert ráð fyrir byggingu nýrra sumarhúsa á svæðinu en einungis verði heimilt að lagfæra/viðhalda eldri frístundahúsum innan Þjóðgarðsins. Þá hefur Þingvallanefnd samþykkt að reisa fjárhelda girðingu ofan við sumarbústaði vestanvert við vatnið sem er forsenda þess að unnt verði að taka niður girðingar umhverfis þá.

*Skógrækt.* Búið er að fella barrtré í grennd við þingstaðinn eins og Icomos lagði til. Í Stefnumótun Þjóðgarðsins 2004–2024 er stefnt að því að barrtré nái ekki frekari útbreiðslu og hefur Þjóðgarðurinn haft samstarf við Skógrækt ríkisins um grisjun og hirðu barrtrjáa. Í lóðarleigusamningum sem taka gildi 1. janúar 2011 er ákvæði um að ekki skuli planta ágengum tegundum eða framandi við sumarbústaði.

*Fornleifar.* Unnið er að fornleifaskráningu í Þjóðgarðinum. Margrét Hrönn Hallmundsdóttir fornleifafræðingur hefur umsjón með því verki í samvinnu við Þjóðgarðinn á Þingvöllum og Fornleifavernd ríkisins. Sótt hefur verið um styrki til þess m.a. til Þjóðhátíðarsjóðs og Fornleifasjóðs. Ekki er um að ræða fornleifarannsóknir, sem valdið geta jarðraski. og er áhersla lögð á að ekki verði grafið á svæðinu nema fyrir því liggja sterk rök og skilgreindar rannsóknaspurningar sem réttlæti röskun minja á staðnum.

*Bílastæði og brú yfir Öxará.* Umferð að bílastæðum við Flosagjá hefur verið takmörkuð, og er nú aðeins unnt að aka austan megin að þeim. Manfreð Vilhjálmsson teiknaði nýja brú yfir Öxará og hafnaði þjóðin þeirri hugmynd. Eftir það hefur ekkert verið aðhafst í því máli.

Fyrir ferðapjónustu á Íslandi skiptir miklu að Þjóðgarðurinn sé á heimsminjaskrá Unesco. Það skapar jákvæða ímynd fyrir landið ásamt því að vekja athygli á sögu, menningu og náttúru Íslands. Margar ferðaskrifstofur erlendis gera út á staði sem tengdir eru Unesco, enda fylgir því ákveðinn gæðastimpill og laðar að fleiri ferðamenn til Íslands. Með því að vera hluti af

Unesco-skránni hefur Ísland aðgang að sérfræðingum og upplýsingum sem nýst geta varðandi umhverfis- og minjavernd.

Margrét og Ragnheiður leggja áherslu á að á meðan Þingvallanefnd vinnur eftir skýrri stefnu séu minni líkur á því að Þjóðgarðurinn lendi á áhættulista Unesco. Nú þegar hefur Þjóðgarðurinn staðið fyrir mörgum breytingum til að koma til móts við athugasemdir Icomos, enda stendur mikill metnaður til þess halda vel utan um málefni Þingvalla og treysta stöðu Þingvalla á heimsminjaskránni.

Niðurstaða umræðna á fundinum er að ef litið er til framtíðar sé allt á réttri leið. Fyrirhugað er að tilnefning Þingvalla sem náttúruminja verði á nýrri yfirlitsskrá fyrir Ísland en þar er einnig stefnt að því að tilnefna alla torfbæi á Íslandi sem eina heild sem og Vatnajökuls-Þjóðgarð. Þá eru Þingvellir hluti af sameiginlegri tilnefningu Norður-Evrópuþjóða sem verið er að undirbúa um minjar frá víkingaöld.

Ragnheiður býðst til að koma með glærusýningu um heimsminjamál eftir áramót og þáði nefndin boðið og telur mikilvægt að ÞVN sé í góðu samstarfi við Heimsminjanefnd.

REÁ mætti kl. 16.15, ÞKG mætti kl. 16.30.

Björgvin vék af fundi kl. 16.45.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.00.